

## **5. fundur stjórnar AP**, starfsárið 2012-2013

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík miðvikudaginn 27. febrúar 2013 kl. 15:00. Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Björn Víkingur Björnsson, Friðrik Sigurðsson, Margrét Bjarnadóttir og Sigurgeir Höskuldsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Formaður, Sigurgeir Höskuldsson, setti fund og stjórnaði honum.

### **1. Málefni Málmíss ehf. og Melmis ehf.**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir tveimur fyrirbyggjandi samningum um breytt eignarhald félaganna.

Annars vegar er um að ræða samning um innkomu félagsins NAMA í Melmi ehf. í tveimur áföngum, gegn framlagi til gulleitar í landinu á grundvelli leyfis Melmis ehf. þar um. Um það er að ræða að NAMA leggur í fyrri áfanga fram 2,5 m USD og eignast við það 30% og í síðari áfanga 1,25 m USD og eignast við það 22,5% til viðbótar þannig að heildareignarhluturinn verður þá 52,5%. Við þessa breytingu verður hlutur Málmíss ehf. 24,225% og hlutur Gold Island 23,275%.

Stjórnin samþykkir samhljóða ofangreinda innkomu NAMA í Melmi ehf.

Hins vegar er um að ræða samkomulag um breytt eignarhald í Málmís ehf. þar sem skuldum félagsins við ISOR (áður Orkustofnun) og þrjá einstaklinga er breytt í eignarhlut og hlutur Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands aukinn úr 20% í 30%. Jafnframt er eignarhlutur AP færður úr 80% í 35%.

Stjórnin samþykkir samhljóða ofangreindar breytingar á eignarhaldi gegn því að Nýsköpunarmiðstöð Íslands skuldbindi sig til að leggja fram virkt vinnuframlag við stjórnun félagsins þannig að væntur ávinningur af breyttu eignarhaldi félaganna skili sér til eflingar atvinnulífs á starfssvæði AP.

### **2. Framhald aðildar að Iceland Geothermal**

Fyrir liggur erindi vegna framhalds á aðild AP að jarðhitaklasanum Iceland Geothermal en mánaðargjald mun hækka talsvert. Í ljósi kostnaðar og óvissu um ávinning félagsins af áframhaldandi aðild er henni hafnað.

Framkvæmdastjóra þó falið að skoða möguleika á samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu um sameiginlega aðild þar sem kostnaður félagsins yrði hverfandi.

### **3. Bráðbirgðarekstraruppgjör 2012**

Framkvæmdastjóri lagði fram óendurskoðað rekstraruppgjör félagsins fyrir árið 2012 sem í meginatriðum er í samræmi við rekstraráætlun.

#### 4. Staða Vaxtarsamnings Norðausturlands

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu samningsins eins og hún stóð um sl. áramót. Óráðstafað eigið fé frá fyrra ári er um 33,7 mkr. og framlag ríkisjósðs á þessu ári er skv. samningnum 37,5 mkr. Samanlagt ráðstöfunarfé hans á árinu er því um 71,2 mkr. en af því hefur 7,2 mkr. verið ráðstafað til verkefna.

Í ljósi stöðu samningsins sem gildir aðeins til næstu áramóta og til að styðja enn frekar við það byggðauppyggingarverkefni sem félagið hefur tekið þátt í varðandi Raufarhöfn og leitt er af Byggðastofnun, samþykkir stjórnin að fela framkvæmdastjóra að leita eftir því við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að gerður verði sérstakur viðauki við samninginn sem heimili sérstaka ráðstöfun fjár til verkefna þar.

#### 5. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að leitað hefði verið eftir því að hann tæki tímabundið sæti í stjórn Mýsköpunar ehf. til næsta reglulegs aðalfundar félagsins. Stjórnin samþykkir að framkvæmdastjóri taki sæti í stjórninni.
- b) Framkvæmdastjóri kynnti skoðun á sameiginlegum tölvumálum nokkurra stofnana í bænum sem hafa það að markmiði að færa þjónustu og rekstur heim í hérað og draga úr kostnaði.
- c) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að hann verði í fríi frá 7. – 20. mars nk.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:45